

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sölu og veitingar áfengis, nr. 425
8. september 1989.

1. gr.

1.-3. mgr. 9. gr. orðist svo:

Á veitingastað þar sem leyfðar eru áfengisveitingar mega þær fara fram frá kl. 12.00 til kl. 23.30 alla daga vikunnar. Áfengisveitingar mega þó fara fram til kl. 02.00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags, ef heimilt er samkvæmt reglum í hlutaðeigandi sveitarfélagi að hafa veitingastaði þar opna lengur en til kl. 23.30.

Á skemmtistað má veita áfengi eftir þann tíma sem um ræðir í 1. mgr. á dansleikjum og öðrum skemmtunum sem lögreglustjóri leyfir. Með leyfi lögreglustjóra má ennfremur veita áfengi á öðrum tíma í lokuðum samkvæmum og að öðru leyti er sérstaklega stendur á.

Heimilt er að veita áfengi í litlum umbúðum með sjálfsafgreiðslu úr sérstökum skáp (minibar) á gistiherbergi til dvalargesta á gististað, enda eigi ákvæði 16. gr. áfengislaganna ekki við um leigutaka og neysla áfengisins fari ekki fram utan herbergisins.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 551 21. nóvember 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. apríl 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.